

216
28. nóv.

Það ber að athugast, að öll þessi gjöld ber að innheimta með 40% gjaldauka.

- C. Um erfðaábúðar- og erfðaleigusamninga samkv. lögum nr. 8 1936 skal farið eftir sömu reglum og gilda um erfðafestusamninga hér að framan, að því er þinglestrar- og stimpilgjöld snertir.
- D. Ef árgjaldið er mismunandi, skal jafnan reikna stimpilgjald af meðaltali árgjaldanna þegar því verður við komið, sbr. lög 75/1921 3. gr. síðasta mgr., en til þess þarf leigutíminn að vera fyrirfram ákveðinn, annaðhvort í leigusamningnum sjálfum eða í lögum. Sé leigutíminn hinsvegar óákveðinn ber að miða við hæsta árgjald.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Bóka- og handritasafnssjóð Skagfirðinga, útgefin á venjulegan hátt 2. desember 1939 að mandatum af dóms- og kirkju-málaráðherra.

Skipulagsskráin er þannig:

217
2. des.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Bóka- og handritasafnssjóð Skagfirðinga.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Bóka- og handritasafnssjóður Skagfirðinga.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með kr. 2378.82 framlagi frá Framfarafélagi Skagfirðinga, og með þeim skilyrðum, að sýslunefnd Skagafjarðarsýslu samþykki að taka að sér yfirstjórn sjóðsins, og skuldbindi sig til að sjá um, að þeim skilyrðum verði fullnægt er skipulagsskráin setur.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Vextir af höfuðstól sjóðsins.
2. Tekjur af fyrirlesturum, samanber 6. gr.
3. Gjafir og áheiti, er sjóðnum kunna að berast.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða og ávallt skal leggja $\frac{1}{5}$ vaxtanna við höfuðstólinn. Sjóðinn skal ávaxta í Sparisjóði Sauðárkróks, þar til stjórn sjóðsins hefir keypt bankavaxtabréf eða önnur álíka trygg og arðvænleg verðbréf fyrir fé sjóðsins. — Heimilt er þó stjórn sjóðsins, að fengnu samþykki sýslunefndar, að lána Sýslubókasafni Skagafjarðarsýslu af höfuðstóli sjóðsins til bókakaupa gegn ábyrgð sýslunefndar Skagafjarðarsýslu og gegn fullum vöxtum. — Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að því:

1. Að komið verði upp bóka- og handritadeild í Sýslubókasafni Skagafjarðarsýslu, er sérstaklega lúti að viðburða- og menningarsögu héraðsins, og að í þessa deild verði safnað:
 - a. Allskonar prentuðum heimildum um sögu héraðsins.

- b. Handritum, skráum og skýrslum, er að þessu líta.
- c. Afritum af merkjum handritum í öðrum söfnum um þessi efni.
- d. Myndum af skagfirzkum mönnum, körlum og konum, eða mönnum, sem mjög koma við sögu héraðsins. Ennfremur af skagfirzkum byggingum, viðburðum eða öðru, er gildi hefir fyrir sögu héraðsins. Myndum einstakra manna fylgi stutt æfiágrip og ættfærsla, en öðrum myndum hæfilegar skýringar.
2. Að Skagfirðingar og aðrir, er áhuga hafa á sögu héraðsins og ættfræði eða öðrum þjóðlegum fræðum, eigi jafnan aðgang að þessum heimildum, samkvæmt þeim reglum, er stjórn safnsins setur.
- Til þess að koma þessu áleiðis, má verja árlega öllum tekjum sjóðsins að undanskildum $\frac{1}{5}$ vaxtanna.

217

2. des.

6. gr.

Stjórn Sýslubókasafns Skagafjarðarsýslu hefir á hendi stjórn sjóðsins og reikningshald, undir yfirstjórn sýslunefndar Skagafjarðarsýslu, er endurskoðar og samþykkir reikninga sjóðsins, og hefir að öðru leyti eftirlit með að fyrirmælum skipulagsskrárinnar sé fylgt. Stjórn sýslubókasafnsins, ásamt tveim mönnum, er sýslunefnd tilnefnd, er ennfremur skylt að halda árlega uppi álíka fræðslustarfsemi og Framfarafélagið hefir beitt sér fyrir nú um mörg undanfarin ár, með fræðandi fyrirlestrum um hverskonar atvinnu- og menningarmál þjóðarinnar, og leitast við að fá landskunna menn til að flytja þessi erindi. — Erindi þessi verði flutt á Sauðárkróki, meðan sýslufundur Skagfirðinga stendur yfir, eins og tíðkamt hefir.

7. gr.

Skipulagsskrá þessi gengur í gildi þegar sýslunefnd Skagafjarðarsýslu hefir samþykkt að taka að sér umsjón og yfirstjórn sjóðsins, með þeim skuldbindingum og skilyrðum, er skipulagsskráin greinir.

8. gr.

Skipulagsskrá þessari má aðeins breyta samkvæmt einróma tillögum sýslubókasafnsnefndarinnar, enda hafi $\frac{3}{4}$ allrar sýslunefndarinnar samþykkt breytinguna á sýslufundi.

Tilgangi sjóðsins verður þó ekki breytt nema með einróma samþykki sýslunefndarinnar.

9. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari, og hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Þannig samið 8. þ. m. af gefanda og sent sýslunefnd Skagafjarðarsýslu til samþykktar, er samþykkti skipulagsskrána 10. þ. m.

Sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu, 15. marz 1938.

Sigurður Sigurðsson.